



Iceland
STAÐARBERGI


FURUHLÍÐ 31



238m² Verð: Tilboð

Glæsilegt 5-6 herbergja parhús með bílskúr. Rúmgott og fallegt eldhús. Sólstofa, mjög fallegur garður. Innst í botnlanga, jafarlóð og fallegt útsýni.

BURKNAVELLIR 9



200m² 85,9 millj. kr.

Glæsilegt arkitektahannað einbýli á einni hæð. Glæsilegt eldhús. Vandaðar sérsmiðaðar innréttingar. Eign í sérflokki. Einstök staðsetning.

NORÐURBAKKI 25



89m² 48,9 millj. kr.

Sérlega falleg og vel umgengin 3ja herbergja endalíbúð á 3. hæð í vönduðu lyftuhúsi með stæði í bilgeymslu.



Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Litla Gæludýrabúðin

Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666

Sjálfstæðisflokkur og Framsókn í viðræður

Geta myndað meirihluta með aðeins 41,7% atkvæða

Eftir að hafa rætt við fulltrúa allra flokka hefur Sjálfstæðisflokkurinn ákveðið að hefja formlegar meirihlutaviðræður við Framsókn og óháða sem náðu einum manni inn en Sjálfstæðisflokkurinn fékk 5 fulltrúa. Samtals eru flokkarnir þó aðeins með 41,7% atkvæða á bak við sig en sú reikniregla sem notuð er hér á landi við útreikning bæjarfulltrúa tryggði Sjálfstæðisflokki 5 fulltrúa, tveimur meira en ef farið væri eftir hlutfalli atkvæða. (sjá bls. 3)

Kristinn Andersen (D) staðfesti á þriðjudag að ákveðið

hefði verið að fara í formlegar viðræður við Framsókn og óháða en að þær væru ekki hafnar. Sagði hann reynt að ljúka þeim á sem stystum tíma. Sjálfstæðisflokkurinn var í

meirihlutasamstarfi við Bjarta framtíð og síðan Guðlaugu Kristjánsdóttur og Einar Birki Einarsson en samstarf við Guðlaugu og Bæjarlistann hefur greinilega ekki verið fyrsta val.



Lýðm. - Guðni Guðnason

Framsókn fékk mann kjörinn, í fyrsta sinn síðan 1998.

sími 842 2217

HELGAFELL FASTEIGNASALA

A
-stöðin
TAXI
Hafnirfska leigubílastöðin
520 1212

Skodaðu tertúirvalið á kokulist.is

Jón Arnluss
KÖKULIST

Kökulist verslunarmíbúðinni Ríðu Hafnarfirði
Kökulist Hólsgötu 17 Reykjavíkur
Kökulist Mínbúð 2 Garðabæ
Kökulist@kokulist.is - 555 66 55

Allt fyrir boltann á einum stað!

Músik og Sport

www.musikogsport.is | Hafnarfirði

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 3. júní

Helgihald fellur niður vegna sjómanna dags

Helgihald fellur niður í Hafnarfjarðarkirkju vegna sjómanna dags.

Sjá dagskrá í miðopnu.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

Fríkirkjan í Hafnarfirði

Sómannadagurinn 3. júní:

Sjómanna- og fermingarmessa kl. 11

í samstarfi við Sjómanna daginn í Hafnarfirði. Kór og hljómsveit kirkjunnar stjórna söng.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



leiðarinn

Niðurstöður kosninganna í Hafnarfirði voru ótrúlega jafnar. Sjálfstæðisflokkur tryggði sér fimmta bæjarfulltrúann á lokametrum í talningunum og Samfylkingin missti sinn þriðja mann. Aðeins þurfti 10 atkvæði svo annað hvort Samfylking eða Vinstri grænir næðu fimmta manningum af Sjálfstæðisflokknum. Að þessu sinni græddi Sjálfstæðisflokkur ótrúlega vel á þeirri reiknireglu sem notuð er við útreikning bæjarfulltrúa en sú sama regla hefur stjórnlagaðómstóll Þýskalands sagt ónothæfa og hefur bannað hana. Ef flokkarnir hefðu fengið bæjarfulltrúa í samræmi við hlutfall atkvæða hefðu bæði Piratar og VG náð inn manni en Sjálfstæðisflokkur aðeins fengið 3 bæjarfulltrúa. Þó Samfylkingarfólk hafi verið vonsvikið að ná ekki 3. manni inn þá hefði það einnig verið ósanngjamt þar sem þeir ættu aðeins að fá 2,2 bæjarfulltrúa miðað við hlutfall atkvæða. En þetta eru einu sinni reglurnar sem lengi hefur þó verið deilt um en ekkert hefur verið að gert.

Það vakti athygli fyrir kosningar að Sjálfstæðisflokkur tefldi núverandi bæjarstjóra, sem flokkurinn réð ásamt Bjartri framtíð, ekki fram sem bæjarstjóraefni og raddir hafa heyrt að Rósa Guðbjartsdóttir stefni á bæjarstjórastólinn. Kristinn Andersen, 2. maður á lista Sjálfstæðisflokks segir umræður um bæjarstjóra ekki hafa farið fram en enginn hefur staðfest þennan orðróm. Haraldi hefur verið hrósað af fulltrúum fv. meirihluta og sagt að hann hafi lyft grettistaki og það hlýtur að vera all sérstakt ef ekki er vilji til að hafa hann áfram. Hafa fulltrúar m.a. Bæjarlistans og Miðflokksins lýst hann sem fýsilegu bæjarstjóraefni en grunnt var á því góða með a.m.k. fv. oddvita Samfylkingarinnar og Haralds.

Löng hefð var fyrir ráðnum bæjarstjóra í meirihlutatið Sjálfstæðisflokksins en það var ekki fyrir en eftir kosningarnar 1998 er Magnús Gunnarsson þáverandi oddviti Sjálfstæðisflokksins varð fyrsti pólitíski bæjarstjóri flokksins í mjög langan tíma.

Sjálfstæðisflokkurinn verður í næsta meirihluta og getur valið með sér flokk sem allir, nema Samfylking, vilja komast í meirihluta með.

Hvað réði því að Framsókn er fyrst á lista er óvíst en munur á stefnumálum er sáralítil á milli flokkanna.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Afsökunarbeiðni

Ritstjóri Fjarðarfréttanna hamar að hafa birt ranga fullyrðingu um að Skarphéðinn Orri Björnsson, 7. maður á lista Sjálfstæðisflokksins hafi hringt í fyrrum stjórnamann í Björk og lofað tækjasamningi gegn smölun fyrir flokkinn.

Treyst var á heimildarmann og því miður var ekki leitað staðfestingar hjá Skarphéðni en blaðið hefur staðfestingu á því að þetta er ekki rétt. Er Skarphéðinn og videigandi beðnir afsökunar á þessari frétt sem birtist í 21. tbl. Fjarðarfréttanna.

Auglýsingar

sími 565 4513 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

Utanvegaakstur við Jónsbúð



Ein af perlum Hafnarfjarðar eru hraunin sunnan við Straumsvík. Þar má finna tóftir Jónsbúðar sem var hjáleiga frá Straumi. Einhver bileigandi hefur greinilega gert að gamni sínu að aka þar utan vega og skilið eftir sig djúp sár í jarðveginum eins og myndin hér að ofan, sem Örn Sigurðsson sendi blaðinu, sýnir.



Lísm: Guðni Gíslason

Áhöfnin á Gullfara gerir netin klár í einstakri maiblíðu í Hafnarfjarðarhöfn.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristin Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir


Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

Dramatískt á lokametrunum

Samfylkingin missti aðeins 0,45% atkvæða en tapaði sínum þriðja fulltrúa naumlega

	Framsókn	Sjálfstæðisflokkur	Samfylking	Vinstri græn	Píratar	Bæjarlistinn	Miðflokkurinn	Viðreisn
	B	D	S	V	P	L	M	C
Atkv. %	926 7,7%	3.900 32,3%	2.331 19,3%	776 6,4%	754 6,3%	906 7,5%	878 7,3%	1.098 9,1%
1	926	3.900	2.331	776	754	906	878	1.098
2	463	1.950	1.166	388	377	453	439	549
3	309	1.300	777	259	251	302	293	366
4	232	975	583	194	189	227	220	275
5	185	780	466	155	151	181	176	220
6	154	650	389	129	126	151	146	183
7	132	557	333	111	108	129	125	157
8	116	488	291	97	94	113	110	137
9	103	433	259	86	84	101	98	122
10	93	390	233	78	75	91	88	110
11	84	355	212	71	69	82	80	100
Fulltrúar	1	5	2	0	0	1	1	1
Fylgi	8,0%	33,7%	20,1%	6,7%	6,5%	7,8%	7,6%	9,5%



Mjög mjótt var á muninum þegar talið hafði verið upp úr kjörkössunum í Hafnarfirði eftir sveitarstjórnarkosningarnar.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN HÉLT NAUMLEGA FIMM BÆJARFULLTRÚUM

Sjálfstæðisflokkurinn hélt sínum fimmta bæjarfulltrúa mjög naumlega en flokkurinn tapaði 5,9% af fylgi sínu frá 2014 en flokkurinn hefur aðeins einu sinni frá 1990 haft minna fylgi, árið 2006 er flokkurinn fékk aðeins 27,3% fylgi og 3 bæjarfulltrúa. Annars hefur fylgið legið í kringum 35% frá aldamótum, fór mest í 40,6% árið 2002 og hefur flokkurinn verið með 5 bæjarfulltrúa nema 2006-2010. Flokkurinn hagnast vel á d'Hondt reiknireglunni eins og kemur fram hér til hliðar. Sjálfstæðisflokkurinn tefldi fram reyndu sveitarstjórnarfólki í efstu 5 sætin.

SAMFYLKINGIN LANGT UNDIR MEÐALFYLGI

Samfylkingin fékk fleiri atkvæði en síðast en tapaði aðeins 0,45% af hlutfallslegu atkvæðamagni sínu en missti sinn þriðja bæjarfulltrúa sem var örfáum

atkvæðum frá því að falla út 2014. Frá aldamótum hefur meðalfylgi Samfylkingarinnar verið 37,2% svo flokkurinn er langt undir því með 20,1%. Aðeins hefðu 6 atkvæði þurft að flytjast frá Sjálfstæðisflokki yfir á Samfylkingu til að Samfylkingin næði manni af Sjálfstæðisflokki eða að 10 fleiri hefðu mætt á kjörstað og kosið Samfylkinguna.

VG TAPAÐI MESTU

Vinstri hreyfingin grænt framboð bauð fyrst fram í Hafnarfirði 2002, fékk aðeins 2,9% atkvæða. Best gekk árið 2010 er flokkurinn fékk 14,6% atkvæða og einn mann kjörinn en síðan hefur fylgið hrunið, fyrst í 11,7% og svo núna í 6,7% fylgi. Eins og hjá Samfylkingu hefðu aðeins 10 fleiri þurft að mæta á kjörstað og sett X við V til að VG næði manni af Sjálfstæðisflokknum.

FJÓRIR NÝIR FLOKKAR

Viðreisn og Miðflokkurinn buðu í fyrsta sinn fram í Hafnarfirði og náði Viðreisn 9,5% atkvæða og Miðflokkurinn 7,6% atkvæða og fengu einn mann kjörinn hvor.

Bæjarlistinn er líka nýr flokkur en gamalt vín í nýjum belg og náði inn

manni þvert á spár og þrátt fyrir að oddvitinn liggji undir ásökunum um embættisglöf sem forseti bæjarstjórnar sem kærð hafa verið til sveitarstjórnarráðuneytis.

Framsókn og óháðir fengu 8% atkvæða og einn mann kjörinn, í fyrsta

sinn síðan 1998 en þar áður hafði Framsókn síðast fengið mann 1982.

FÆRRI UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐI

Utankjörfundaratkvæði voru 1.288 en voru 1.453 árið 2014.

Er rétt úthlutað?

Sjálfstæðisflokki reiknast 3,7 fulltrúar eftir fylgi

Oft hefur verið á það bent að d'Hondt reiknireglan sem notuð er til að úthluta sætum í bæjarstjórn sé ekki sanngjörn og það gerir m.a. Marinó G. Njálsson tölvunarfræðingur í pistli sínum á Facebook. Þorkell Helgason stærðfræðingur hefur líka bent á að stjórnlagaðómstóll Þýskalands hafi dæmt d'Hondt regluna ólýðræðislega og því ónothæfa.

Skv. d'Hondt reglunni er fyrsti fulltrúi valinn eftir hæsta fylgi hvers flokks, síðan er deilt í heildartölu hvers flokks með 2 upp í 11 og hæsta talan notuð til að ákvarða fulltrúana eins og sjá má á töflunni hér að ofan. Rauðu tölurnar sýna tölur á bak við hvern fulltrúa. Ef fylgi flokkanna er skoðað

og fjöldi sæta í bæjarstjórn reiknað eftir hlutfalli af fylgi kemur þetta í ljós:

Flokkur	Fylgi	reiknað	fulltrúar
D	33,7%	3,71	5
S	20,1%	2,21	2
C	9,5%	1,05	1
B	8,0%	0,88	1
L	7,8%	0,86	1
M	7,6%	0,84	1
V	6,7%	0,74	0
P	6,5%	0,72	0

Þannig hefðu Vinstri græn og Píratar frekar átt að fá mann inn en Sjálfstæðisflokkur að fá sinn 4. og 5. fulltrúa. Skýrist það á því að 0,74 og 0,72 er hærri tala en 0,71 sem ætti að liggja til grundvallar því að Sjálfstæðisflokkur fengi sinn fjórða mann.

Fulltrúar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 2018

1 Rósa Guðbjartsdóttir, D	2 Adda María Jóhannsdóttir, XS	3 Kristinn Andersen, D	4 Ólafur Ingi Tómasson, D	5 Friðþjófur Helgi Karlsson, XS	6 Jón Ingi Hákonarson, D
7 Helga Ingólfssdóttir, D	8 Ágúst Bjarni Garðarsson, XB	9 Guðlaug Svala Kristjánsdóttir, XL	10 Sigurður Þ. Ragnarsson, D	11 Kristín Thoroddsen, D	

Atkvæðin á bak við bæjarfulltrúana

Röð	Nafn	Atkvæði
1.	Rósa Guðbjartsdóttir, D	3.900
2.	Adda María Jóhannsdóttir, S	2.331
3.	Kristinn Andersen, D	1.950
4.	Ólafur Ingi Tómasson, D	1.300
5.	Friðþjófur Helgi Karlsson, S	1.166
6.	Jón Ingi Hákonarson, C	1.098
7.	Helga Ingólfssdóttir, S	975
8.	Ágúst Bjarni Garðarsson, B	926
9.	Guðlaug Svala Kristjánsdóttir, L	906
10.	Sigurður Þ. Ragnarsson, M	878
11.	Kristín Thoroddsen, S	780
Næstu frambjóðendur til að ná kjöri:		
12.	Sigrún Sværisdóttir, S	777
13.	Elva Dögg Ásúðóttir Kristinsd., V	776
14.	Elín Ýr Arnar Hafðisardóttir, P	754
15.	Kristín María Thoroddsen, D	672

Daníel Einar fékk hæstu einkunn sem gefin hefur verið í Flensborg

121 nemandi útskrifaðist frá skólanum, þar af 52 í nýja þriggja ára kerfinu

Óvanalega stór hópur brautskráðist frá Flensborgarskólanum sl. laugardag. Í hópnum var 121 nemandi en ástæðan var sú að verið var að útskrifa síðasta stóra hópinn sem var í fjögurra ára kerfi og þann fyrsta sem er útskrifaður í þriggja ára kerfi. Það luku 52 nemendur námi á þremur árum.

Nokkrir nemendur skáru sig úr í námsárangri. Níu nemendur útskrifuðust með 9,0 meðalhætti í meðaleinkunn. Hæstu einkunn af fjögurra ára braut var hlaut Daníel Einar Hauksson, sem lauk stúdentsprófi með 9,94 í meðaleinkunn sem er hæsta meðaleinkunn sem nemandi hefur fengið á stúdentsprófi við skólann síðan fyrstu stúdentarnir útskrifuðust árið 1975. Í þriggja ára kerfinu var Ólafur Andri Davíðsson hæstur með 9,89 í meðaleinkunn.

Útskriftarnemendur fengu fjölda verðlauna frá skólanum en að auki veittu danska sendiráðið, Embætti landlæknis, Gámáþjónustan, Góa/Linda, Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Hið íslenska stærðfræðifélag

og Rótaryklúbbur Hafnarfjarðar verðlaun fyrir afbrigðs námsárangur í ýmsum greinum. Útskriftarnemendur gáfu veglega upphæð til Pieta – forvarmar-samtaka gegn sjálfsvígum og sjálfskaða í nafni skólans.

Að auki voru tveir nýnemar heiðraðir fyrir námsárangur á fyrsta ári og sex skiptinemar sem voru við skólann í vetur kvaddir.

27 nemendur brautskráðust af félagsfræðibrautum, af málbraut luku níu nemendur prófi, 32 brautskráðust af raunvísindabrautum og 13 nemendur af viðskipta- og hagfræðibraut. 36 nemendur luku stúdentsprófi af nýrri braut, opinni námsbraut þar sem nemendur raða saman blandaðri sérhæfingu af eigin vali. Alls luku 33 stúdentar námi á íþróttafrekssviði sem hluta af stúdentsprófinu. Sex nemendur luku námi af starfsbraut. 53% útskriftarnemenda voru karlkyns og 47% kvenkyns.

Skólastarfið í Flensborg gekk vel í vetur og minnstust skólameistari og



Daníel Einar Hauksson, dux skólans, ásamt Magnísi Porkelssyni skólameistara.

aðstoðarskólameistari á fjölda viðburða og uppákoma í ræðum sínum.

Í ræðu skólameistara kom m.a. fram:

- Uppbygging skóla snýst um samfélagslega sátt, þolinmóða fjárfestingu og framtíðarsýn.

- Við erum að undirbúa þau sem eiga að taka við af okkur. Við þurfum að búa okkur skjól í núinu og temja okkur lífsgæði sem byggja á því að bæta umhverfi okkar og styrkja samfélagið

- Skólinn er samfélag og endurspeglar íslenskt samfélag með öllum þess kostum og göllum. Við eigum að kenna, að mennta unga fólk. Til þess að menntast þarf nám að eiga sér stað og það byggir á einbeitingu, nærveru, æfingu og samskiptum einstakra nemenda.

- Það þarf að tryggja jákvæð og heilbrigð samskipti, kurteisa notkun þessa undrataekis sem snjallsímar og aðrar tölur eru. Skólakerfið þarf t.d. að geta unnið með þá tækni svo ungmenni – og fullorðnir – viti hvernig samskipti þurfa að vera á hraðbrautum tölvunetsins og gera okkur grein fyrir því að allt sem fer á netið geymist lengi í risageymslum tölvuheimsins og oft í mörgum eintökum.

Kór Flensborgarskólans og Flensborgarkórinn sungu við athöfnina.



Stúdentar frá Flensborgarskóla voridd 2018.

Afmælissýning í Hafnarborg

30 ár síðan Hafnarborg var vígð sem safn og 35 ár síðan Sverrir og Ingibjörg gáfu húsnæði og listaverkasafn

Í ár fagnar Hafnarborg tvöföldu afmæli en nú eru 35 ár liðin frá því að hjónin Sverrir Magnússon, lyfsali í Hafnarfjarðarapóteki og Ingibjörg Sigurjónsdóttir, færðu Hafnarfjarðarbæ húsnæði sitt að Strandgötu 34 að gjöf, ásamt listaverkasafni sínu. Fimm árum síðar var Hafnarborg fornlega vígð þann 21. maí 1988.

Á laugardaginn kl. 15 verður opnuð sýning í tilefni afmælanna. Þar getur að líta valin verk úr safneign Hafnarborgar. Bæði verk sem oft hafa verið sýnd áður við ólík tækifæri eða fengið að prýða vegg margra stofnana bæjarins. Á sýningunni eru þó einnig verk sem ekki hafa verið hreyfð úr geymslunum síðan þeim var komið þar fyrir. Er sýningunni ætlað að endurspeglar margbreytileika myndlistarinnar sem er varðveitt í



Málverk eftir Jón Hróbjartsson sem fæddist á Álftanesi 1877

MÖGNUM MAÍTILBOÐ



498
KR

**PETER LARSEN KAFFI
& NÝBAKAÐUR
KLEINUHRINGUR**



498
KR

**PIZZA
& COKE**

AFGREIÐSLUTÍMAR:

VIRKA DAGA
8:00 - 22:00

LAUGARDAGA
8:00 - 18:00
SUNNUDAGA
10:00 - 17:00



198
KR/STK

AMERÍSKIR HRINGIR
BAKAÐ Á STAÐNUM.



149
KR/STK

COCA COLA
33 CL / ZERO / LIGHT



199
KR/STK

BOUNTY TRIO
85 G



329
KR/STK

COOP SÚKKULAÐI
64% CARAMEL
& SJÁVARSAÐLT



399
KR/STK

KARAMELLU BAR
5 STK.



199
KR/STK

PRINGLES ORIGINAL
43 G

Guðrún Randalín er nýr aðstoðarskólameistari Tækniskólans

Hafnirfirdingurinn Guðrún Randalín Lárusdóttir hefur verið ráðin nýr aðstoðarskólameistari en hún tók til starfa í maímánuði af öðrum Hafnirfirdingi, Þór Pálssyni sem tekið hefur við starfi sem framkvæmdastjóri hjá Rafiðnaðarskólunum.

Guðrún, sem er 41 árs tölvunarfræðingur, hefur gegnt stöðu skólustjóra Upplýsingatækniskóla Tækniskólans frá árinu 2015 og kenndi hún áður við skólann um árabil. Guðrún hefur lokið B.A. í táknafræði og hefur réttindi sem grunnskóla- og framhaldsskólakennari. Þá leggur hún stund á meistaranám í opinberri stjórnsýslu.



Ljóm.: Guðni Gleason

Guðrún Randalín Lárusdóttir

Hverfur Tækniskólinn úr bænum?

Stefnan sett á skólann undir einu þaki

Við sameinginu Iðnskólans í Hafnirfirdi og Tækniskólans komu fram háværar áhyggjuraddir um að það væri aðeins fyrsta skrefið að því að skólinn hyrfi úr bænum. Á þessar áhyggjur var blásið af forsvarsmönnum skólans en nú virðist vera komið annað hljóð í skrokkin.

Í skólaslitaræðu sinni fjallaði Jón B. Stefánsson skólameistari, sem nú lætur af störfum, um mikilvægi þess að Tækniskólinn komist undir eitt þak og sagði stefnuna vera setta á nýtt húsnæði í náinni framtíð. Húsnæði þar sem allar greinar skólans fái að njóta sín og vaxa við bestu aðstæður.

Þetta hlýtur að vera mikið áhyggjuefni í Hafnirfirdi, nú þegar iðnmenntunin á

undir högg að sækja og ítrekað hefur verið mikilvægi þess að gera henni hærra undir höfði.

Tækniskólinn ehf. er í einkaeigu með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstur framhaldsskóla. Í þjónustusamningnum eru ákvæði um að rekstrarfélag skólans geti ekki tekið arð úr rekstrinum og allur ábati skili sér í skólastarfið.

HAFNIRSKIR STJÓRNENDUR

Það er kaldhæðnislegt ef stefnan er tekin á að flytja skólann úr bænum þar sem skólameistarinn sem nú er að taka við á hafnirskan föður og nýr aðstoðarskólameistari er Hafnirfirdingur.



21. ágúst 2015 lagði þáverandi menntamálaráðherra, Illugi Gunnarsson stein í vörðu við gamla Iðnskólann í Hafnirfirdi en þann dag var afhjúpað skilti með merki Tækniskólans á. Lagði hann stein í minningarvörðu?

Sjómanna dagur og 110 ára afmæli Hafnarfjarðar



Ljóm.: Guðni Gleason

Hafnarfjarðarkaupstaður fagnar 110 ára afmæli 1. júní og því verður fagnað með ýmsum hætti í bænum.

NÝ SÝNING „ÞANNIG BYGGÐIST BÆRINN“

Á föstudaginn kl. 17 opnar Byggðasafn Hafnarfjarðar nýja sýningu í forsal Pakkhússins sem ber nafnið „Þannig byggðist bærinn“ þar sem varpað er ljósi á uppbyggingu, þróun og skipulag Hafnarfjarðar á fyrstu árum kaupstaðarins. Þá hefur Byggðasafn Hafnarfjarðar sett upp ljósmyndasýninguna „Hafnarfjörður frá fullveldi til lýðveldis“ á strandstígunum meðfram höfninni. Á sýningunni eru 50 ljósmyndir sem eru lýsandi fyrir bæjarbraginn og lífið í bænum á þeim tíma.

ÚRSLIT ÚR SAMKEPPNI UM SKIPULAG FLENSBORGARHAFNAR

Föstudaginn 1. júní kl. 16 verður tilkynnt um úrslit í opinni hugmyndasamkeppni Hafnarfjarðarhafnar og Arki-tektafélags Íslands um framtíðarskipulag Flensborgarhafnar og Óseyrar-svæðis.

Sýning á öllum tillögum sem bárust í samkeppninni verður í „Apótekinu“ í Hafnarborg og stendur til 8. júní 2018. Sýningin er opin daglega frá kl.12-17 (lokað þriðjudag). Fimmtudaginn 7. júní verður sýningin opin til kl. 21, en þann dag verður efnt til opins fundar kl. 16 þar sem dómnefndarfulltrúar fara um sýninguna og gera grein fyrir niðurstöðum sínum.

SJÓMANNADAGURINN

Blásið verður til hátíðarhalds við Flensborgarhöfn á sjómanna daginn á sunnudag. Hátíðarsvæðið við höfnina

verður opnað kl. 13 og hátíðarhöldin standa til kl. 17. Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur við Hrafnistu kl. 10 og kl. 10.30 verður blómsveigur lagður að minnisvarða við Viðistaðakirkju um horfna sjómenn, en sjómanna messa verður í Fríkirkjunni kl. 11.

Við höfnina býður Björgunarsveit Hafnarfjarðar meðal annars upp á þrautabraut í sjó, rennibraut, gámasig og fluglínutæki, kaffisala slysavarnardeildar Hraunprýði verður á sínum stað, Siglingaklúbburinn Þytur verður með opið hús og skemmtisigling verður í boði Hafnarfjarðarhafnar. Fram koma Bjartmar Guðlaugsson, Salka Sól og leikhópurinn Lotta flytur söngsyrpu auk þess sem furðuverur undirdjúpanna verða til sýnis á bryggjunni.



Ljóm.: Guðni Gleason

Formleg setning er kl. 14 með ávarpi, heiðrun sjómanna og verðlaunaafhendingu úr róðrarkeppninni sem er kl. 13-14.

Við höfnina er nú bæði iðandi líf tengt fiski og fiskvinnslu en einnig fjölbreytt lista- og menningarlíf. Vinnustofur listamanna í Íshúsi Hafnarfjarðar og við Fornubúðir verða opnar.

AFMÆLISSÝNING HAFNARBORGAR

Afmæli ssýning Hafnarborgar verður opnuð á laugardaginn kl. 15. Sjá frétt á bls. 4.



ÁRSKORT

Í LÍKAMSRÆKT OG SUND

Á AÐEINS **35.990 KR.** (Eingreiðsla)

Það gera aðeins **2.999 kr.** á mánuði.

SUMARTILBOÐIÐ GILDIR TIL OG MEÐ 6. JÚNÍ



Korthafar geta pantað sér **ókeypis tíma** með þjálfara. Þú færð kennslu á tækin og sérsniðna æfingaáætlun.

7.-10. bekkur grunnskólaárskort **24.990**

Nemendur í 9. og 10. bekk mega æfa sjálfir í GYM heilsu samkvæmt þjálfunaráætlun þjálfara. Nemendur 7. og 8. bekk mega eingöngu æfa í salnum í fylgd fullorðinna/forráðamanna (eldri en 18 ára).

60 ára og eldri hjartanlega velkomnir

60-67 ára árskort á **aðeins 28.990 kr.**

67 ára og eldri árskort á **aðeins 24.990 kr.**

Opið lengur í sumar

Mánudagar - Fimmtudaga:	06:30 - 22:00
Föstudagar:	06:30 - 20:00
Laugadagar:	08:00 - 18:00
Sunnudagar:	08:00 - 21:00



Kortið gildir í líkamsrækt og sund í **Suðurbæjarlaug** og einnig í sund í **Ásvallalaug**. Hægt er að fara í aðrar GYM heilsustöðvar utan Hafnarfjarðar gegn greiðslu aðgangseyris í sund á viðkomandi stað.

Suðurbæjarlaug / sími 565 3080

www.gymheilsa.is

Fyrsta krakkapríprautin í Hafnarfirði

Krakkarnir létu mikla rigningu ekkert á sig fá

3SH, þríprautardeild Sundfélags Hafnarfjarðar stóð fyrir þríprautarkeppni fyrir krakka sl. sunnudag í og við Ásvallalaug. Er þetta í fyrsta sinn sem þrípraut er haldin fyrir þennan aldurshóp en einu sinni hefur félagið haldið tvípraut fyrir krakka.

Alls tóku 58 krakkar þátt, á aldrinum 4-15 ára og gerðu krakkarnir greinilega ekki eins miklar kröfur til búnaðar eins og fullorðna fólkið.

Ekkert keppnisgjald var og allir fengu verðlaunapening, kókómjólk og glaðning að lokinni keppni.



Ljóm: Guðni Gleason

Keppt var í eftirfarandi flokkum:

5-6 ára: (2012-2013): 16 m sund, 500 m hjól og 300 m hlaup

7-9 ára: (2009-2011): 33 m sund, 1 km hjól og 600 m hlaup

10-12 ára: (2006-2008): 50 m sund, 2 km hjól og 900 m hlaup

13-15 ára: (2003-2005): 100 m sund, 3 km hjól og 1,2 km hlaup.

Keppni hófst með sundi en þaðan hröðuðu krakkarnir sér út, settu á sig hjálm og hjóluðu í kringum sundlaugarbygginguna. Lokagreinin var svo hlaup og keppendur voru ekki alltaf að gefa sér tíma til að skipta um föt og sundfötin stundum látin duga. Það



Ljóm: Guðni Gleason



Ljóm: Guðni Gleason

hellirignði á meðan á keppninni stóð en krakkarnir létu það ekkert á sig fá.

Foreldrar yngri barnanna voru ekki síður áhugasamir og hlupu með börnunum og hvöttu þau áfram.

Öll, eða næstum öll, komu glöð í mark ánægð með árangurinn.

FLEIRI MYNDIR

Miklu fleiri myndir frá keppninni má sjá á fréttasíðu Fjarðarfrétta, www.fjardarfrettir.

Vel var tekið á því í lokin.



Ljóm: Guðni Gleason



SÝNINGAROPNANIR

FRÓÐLEGAR SÝNINGAR Í MENNINGARSTOFNUM

1. júní 2018 kl. 16:00 Framtíðarskipulag

Tilkynt um úrslit í opinni hugmyndasamkeppni Hafnarfjarðarbæjar, Hafnarfjarðarhafnar og Arkitektafélags Íslands um framtíðarskipulag Flensborgarhafnar og Óseyrarsvæðis í Apótekinu í Hafnarborg. Sýning á öllum tillögum sem bárust í samkeppninni stendur til 8. júní. Fimmtudaginn 7. júní kl. 16 munu dómnefndarfulltrúar fara um sýninguna og gera grein fyrir niðurstöðum sínum.

1. júní 2018 kl. 17:00 „Þannig byggðist bærin“

Byggðasafn Hafnarfjarðar opnar nýja sýningu í forsal Pakkhússins sem ber nafnið „Þannig byggðist bærin“ þar sem varpað er ljósi á uppbyggingu, þróun og skipulag Hafnarfjarðar á fyrstu árum kaupstaðarins og ljósmýndasýninguna „Hafnarfjörður frá fullveldi til lýðveldis“ á strandstígunum meðfram höfninni.

2. júní 2018 kl. 15:00 Hafnarborg 35/30

Hafnarborg fagnar tvöföldu afmæli með sýningu þar sem getur að líta valin verk úr safneign Hafnarborgar. Bæði verk sem oft hafa verið sýnd áður við ólík tækifæri eða fengið að prýða veggja margra stofnana bæjarins. Á sýningunni eru þó einnig verk sem ekki hafa verið hreyfð úr geymslunum síðan þeim var komið þar fyrir.



Óskum sjómönnum og bæjarbúum öllum til hamingju á Sjómannadaginn!



A. HANSEN
SPETHÚS
churrasco
Vesturgötu 4 • www.ahansen.is



Aðalskoðun
Hjallahrauni 4 • www.adalskodun.is



AS
FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17 • www.as.is



BAN KUNN
THAI RESTAURANT
Tjarnavöllum 15 • sími 565 5665



Blögunarsveit Hafnarfjarðar
www.spori.is
Hvaleyrarbraut 32 • www.spori.is



BÓKHALDSSTOFAN ehf
Bæjarhrauni 10 • www.bokhaldstofan.is



Burger*inn
Flatahrauni 5a • www.burgerinn.is



ÍSLAND
ENJO
clean the world
Reykjavíkurvegi 64 • www.enjo.is



Gaflarar
RAFVERKTAKAR
Lónsbraut 2 • www.gaflarar.is



Gaman
Ferðir
Bæjarhrauni 14 • www.gaman.is



GÁMAPJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVÆRFI - BETRI FRAMTÍÐ
Berghellu 1 • www.gamar.is



Goa
Stofnað 1968
www.goa.is

SJÓMANNADAGURINN 3. JÚNÍ 2018

SKEMMTILEG HÁTÍÐARHÖLD VIÐ FLENSBORGARHÖFN

Hátíðardagskrá

- **8:00** Fánar dregnir að húni á hátíðarsvæðinu
- **10:00** Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur við Hrafnistu
- **10.30** Blómsveigur lagður að minnvarða við Víðistaðakirkju um horfna sjómenn
- **11:00** Sjómannamesa í Frikirkjunni

Skemmtidagskrá

- **13-17** Skemmtisigling í boði Hafnarfjarðar-hafnar – lagt af stað á hálf tíma fresti
- **13:00** Dasbandið
- **13-14** Kappróður við Flensborgarhöfn
- **13:50** Lúðrasveit Hafnarfjarðar
- **14:00** Setning og heiðrun sjómanna
- **14:20** Ávarp og verðlaunaafhending
- **14:30** Bjartmar Guðlaugsson
- **14:50** Leikhópurinn Lotta - söngvasyrpa
- **15:30** Salka Sól
- **16:00** Listdansskóli Hafnarfjarðar
- Þyrla Landhelgisgæslunnar og listflug

Önnur dagskrá

- Kaffisala Slysavarnardeildar Hraunprýði
- Þrautabraut í sjó, rennibraut, gámasig, kassaklifur, fluglínutæki og koddaslagur
- Opíð hús í siglingaklúbbnum Þyt. Arabátar, kajakar, kænur og kjölbátar
- Opnar vinnustofur listamanna í Íshúsi Hafnarfjarðar og við Fornubúðir
- Bátasmíði fyrir krakka
- Furðuverur úr undirdjúpunum frá Hafró
- Ljósmyndasýning á Strandstígnum
- Sýning um tímabil erlendu útgerðanna í Bookless bungalow og í Siggubæ er sýnishorn af heimili sjómanna í Hafnarfirði frá fyrri hluta 20. aldar.

Nánari upplýsingar á hafnarfjordur.is



Göngum í bæinn

Notum strætó eða staði við Flensborg, Fjörð eða íþróttahús



Skiptiðstaða

Í siglingaklúbbnum Þyt fyrir þá sem blotna

Gleðilegan Sjómannadag!

hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

Einar Birkir burtrækur úr bæjarstjórn eftir úrskurð Þjóðskrár

Var með í myndatöku á bæjarstjórn rétt fyrir fundinn þar sem hann las upp tilkynningu

Einar Birkir Einarsson bæjarfulltrúi af lista Bjartrar fram tíðar, sem síðar sagði skilið við flokkinn hefur verið gerður burtrækur í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þar sem úrskurðað hefur verið að lögheimilisskráninga hans í Hafnarfirði sé ógild.

Einar Birkir hefur búið í Kópavogi um nokkurn tíma og hefur ekki viljað rökstyðja það hvernig hann telji það löglegt að búa í Kópavogi en skrá lögheimili sitt hjá systur sinni í Hafnarfirði.

Hann sendi forseta handritað bréf um kl. 16 þar sem hann upplýsir að Þjóðskrár hafi úrskurðað um lögheimilisskráningu hans og því muni hann ekki sitja þennan bæjarstjórnarfund.

„Til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar:

Þjóðskrá Íslands hefur úrskurðað um lögheimili mitt og í kjölfar þess mun ég ekki sitja þennan bæjarstjórnarfund. Ég óska öllum þeim bæjarfulltrúum sem ég hef starfað með velfarnaðar og þakka samstarfið.“

Er þetta nokkur tímamót því Einar hefur því ólöglega setið um langt skeið í bæjarstjórn og þverskallast við þeim ábendingum um ólögmati setu hans í bæjarstjórn sem beint hefur verið að honum. Einar Birkir er í 14. sæti á listi Bæjarlistans en ekki lengur gjaldgengur þar.

AF HVERJU FÉKK BÆJARSTJÓRN EKKI TILKYNNINGU ÞJÓÐSKRÁR?

Það vakti hins vegar athygli að tilkynning Þjóðskrár um úrskurð um lögheimili bæjarfulltrúans Einars Birkis Einarssonar var ekki kynnt á bæjarstjórnarfundum sl. miðvikudag.

Þjóðskrá úrskurðaði sl. miðvikudag að stofnunin hafi felld niður skráningu Einars Birkis að Grænukinn 1 og skráð lögheimili hans að Álfáheiði 13 í Kópavogi frá og með viðmiðunardegi þjóðskrár, 5. maí 2018.

Í Morgunblaðinu sl. föstudag er haft eftir Sigríði Kristinsdóttur bæjarlögmanni að tilkynningin hafi borist klukkutíma áður en bæjarstjórnarfundur hófst.

Því veur það furðu að það hafi ekki verið sent áfram til bæjarfulltrúa og innihald kynnt í upphafi fundar.

LOÐIN SVÖR

Það var ekki fyr en fjardarfrettir.is hafði birt frétt um málið sem bæjarlögmaður svaraði spurningu Fjarðarfretta. Þar er fullyrt að bréf Þjóðskrár hafi fjallað um kjörskrá þó skýrt komi fram að efni þess sé „Ákvörðun



Einar Birkir Einarsson sat bæjarstjórnarfund 9. maí en Þjóðskrá úrskurðaði lögheimili hans í Kópavogi frá 5. maí sl.

Þjóðskrár Íslands vegna flutning lögheimilis í Þjóðskrá.“ Segir hún Hafnarfjarðarkaupstað ekki hafa fengið tilvitnaðan úrskurð, heldur aðeins „ofangreinda tilkynningu frá Þjóðskrár Íslands sem gera þarf á kjörskrá.“

Fjarðarfrettir hafði óskað eftir við Þjóðskrár að fá úrskurðinn en fékk höfnun þar sem hann inniheldi persónulegar upplýsingar en fékk þess í stað senda tilkynninguna um úrskurðinn.

MÆTTI Í HÓPMYNDATÖKU

Einar Birkir mætti til fundar og var með á hópmynd af bæjarstjórn, vitandi að hann var ekki gjaldgengur í bæjarstjórn. Hins vegar virtust aðeins örfáir aðrir bæjarfulltrúar vita til úrskurðarins en Borghildur Sturludóttir hafði verið boðuð til fundar af bæjarstjóra, óruttu fyrir fundinn.

Bæjarstjóri afhenti greinilega ekki bæjarstjórn tilkynninguna frá Þjóðskrá og því var afgreiðsla bæjarstjórnar ekki önnur en sú að Einar sæti ekki þennan einstaka fund í stað þess að staðfesta að frá 5. maí hafi Einar Birkir ekki verið gjaldgengur sem bæjarfulltrúi og varamaður hans, Borghildur Sturludóttir, væri úrskurðuð sem löggildur bæjarfulltrúi frá sama tíma.

Er þetta í annað sinn sem bæjarstjórn virðist klúðra afgreiðslu mála um setu í bæjarstjórn en skemmt er að minnast klúðri í afgreiðslu bæjarstjórnar á tilkynningu Guðlaugar Kristjánsdóttur um ótímabundið leyfi. Þá var bókað að Borghildur væri fullgildur bæjarfulltrúi en sú bókan var aldrei felld úr gildi þegar Guðlaug mætti óvænt og án allra skýringa eða afgreiðslu í bæjarstjórn á ný.

61 lauk þríprautarkeppni 3SH

Sigurður Örn Ragnarsson sigraði á nýju brautarmeti

Sl. sunnudag stóð þríprautardeild Sundfélags Hafnarfjarðar fyrir þríprautarkeppi í og við Ásvallalaug. Vegalengdin er stöðluð hálf-ólympísk vegalengd, sem þýðir að keppendur synda 750 m í Ásvallalaug, hjóla 20 km og hlaupa 5 km.

Keppt var í fjórum aldursflokkum karla og kvenna, 16-29 ára, 30-39 ára, 40-49 ára, 50 ára og eldri og í byrjendaflokki.

Keppnin er hluti af stigakeppni Þríprautasambands ÍSÍ en 61 keppandi tók þátt í ágætu veðri þó þeir síðustu hafi lenti í nokkurri rigningu. Alls voru 17 keppendur í byrjendaflokki.



Hlaupið var síðasta þrautin og samt átta keppendur inni orku í endasprenni.

ÚRSLIT KARLA:

1. sæti: Sigurður Örn Ragnarsson, 1991, Umf. Breiðablik, 00:56:25 klst.
2. sæti: Geir Ómarsson, 1975, Sundfélagið Ægir, 01:00:44 klst.
3. sæti: Bjarki Freyr Rúnarsson, 1994, Sundfélag Hafnarfjarðar, 01:01:17 klst.

ÚRSLIT KVENNA:

1. sæti: Amanda Ágústsdóttir, 1990, Umf. Breiðablik, 01:08:26 klst.
2. sæti: Rannveig Anna Guicharnaud, 1972, Umf. Breiðablik, 01:12:04 klst.
3. sæti: Birna Íris Jónsdóttir, 1973, Umf. Breiðablik, 01:12:37 klst.



Rannveig Anna, Amanda og Birna Íris



Geir, Sigurður Örn og Bjarki Freyr



Besta bankaappið* – nýjustu aðgerðir



Nú getur þú m.a. greitt marga reikninga í einu, greiðsludreift reikningum á kreditkort, sett reikninga í sjálfvirka greiðslu og byrjað reglulegan sparnað í Arion appinu.

Sæktu Arion appið í App Store eða Google Play

Arion appið

 facebook.com/arionbanki

  [@arionbanki](https://twitter.com/arionbanki)

Hvað segja oddvitarnir að loknum kosningum?

JÓN INGI HÁKONARSON VIÐREISN



Hvað er þér efst í huga að afloknum kosningum?

„Mér er efst í huga þakklæti til allra þeirra sem treystu okkur fyrir atkvæði sínu. Einnig er ég þakklátur öllu því frábæra Viðreisnarfólki sem lagði á sig gríðarlega mikla vinnu vikunnar fyrir kosningar.“

Hvaða flokkar eru óska samstarfs-flokkar ykkar í bæjarstjórn?

„Við í Viðreisn förum fram með nokkur stór mál og okkur ber skylda til þess að gera það sem við getum til að koma þeim í gegn. Það er hins vegar ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn er í lykilstöðu og varla líklegt að meirihluti verði myndaður án hans.“

Hvað finnst þér um þessa löku kosningabáttöku?

„Lök kosningabáttaka er mikið áhyggjuefni og það hlýtur að verða eitt af verkefnum nýkjörinnar bæjarstjórnar að reyna að hafa áhrif á þessa þróun. Það var óheppileg tilviljun að fjölmennar útskriftir hafi verið á kjördag, það hefur örugglega haft áhrif. En þessari þróun verður að snúa við.“

SIGURÐUR Þ. RAGNARSSON MIÐFLOKKNUM



Hvað er þér efst í huga að afloknum kosningum?

„Við erum gríðarlega þakklát fyrir þann góða stuðning sem við fengum í kosningunum, vorum með samheldinn og öflugan hóp sem lagðist á eitt til að

framboðið yrði að veruleika. Við renndum blint í sjóinn með framboðið og með mjög takmarkaða fjármuni en þetta gekk allt saman vonum framar sem skilaði okkur fulltrúa í bæjarstjórn. Þetta er svo sannarlega upphaf nýrra tíma fyrir þennan sex mánaða gamla flokk sem er nú með 9 fulltrúa í sveitarstjórnnum vítt og breitt um landið og gefur okkur heldur betur byr í vængina.“

Hvaða flokkar eru óska samstarfs-flokkar ykkar í bæjarstjórn?

„Það er ljóst eftir þessar kosningar að Sjálfstæðisflokkurinn er í lykilstöðu hér í bænum við myndun meirihluta og sú staðreynd að miðjuflokkarnir 3 ná inn samtals 3 fulltrúum segir okkur að fylgi flokkanna í Hafnarfirði er að taka miklum breytingum. Við hjá Miðflokknum eigum mesta samleið með Sjálfstæðisflokknum hvað stefnumálin varðar og góður samhljómur í flestum málaflokkum svo það væri besti kosturinn að mínu mati.“

Hvað finnst þér um þessa löku kosningabáttöku?

„Þessi litla þáttaka í Hafnarfirði er grafalvarlegt mál og það þarf að fara í saumana á því hvernig á þessu stendur. Við þurfum að skoða hvaða hópar þetta eru sem ekki nýta kosningaréttinn og hvernig við getum náð til þeirra og hvatt þá til þáttöku. Það er ekki gott fyrir lýðræðið að 2 af hverjum 5 kjósendum láti hina 3 um að velja fyrir sig fulltrúa í sveitarstjórn.“

ELÍN ÝR ARNAR HAFDÍSARDÓTTIR PIRÖTUM



Píratar fengu örlítið minna fylgi en síðast. Hvers vegna náðuð þið ekki til Hafnarfirðinga?

„Það er verulega góð spurning hvers vegna við náðum ekki betur til Hafnarfirðinga en raun ber vitni. Það er eitt-hvað sem við viljum skoða vel meðal kjósenda svo og hjá okkur sjálfum en unnin verður skýrsla í kjölfar kosningabaráttunnar þar sem við munum taka saman vinnu kosningabaráttunnar. Hluti af skýringunni er hið sama og hjá okkur Pírötum almennt, kjósendur okkar eru í meirihluta ungt fólk, sem

skilar sér síst á kjörstað. Þá komum við að síðari spurningunni. Kosningabáttakan var afleið. Það er miður að kjósendur vilji ekki taka þátt í lýðræðinu og hafaskoðun á hvernig nærsamsfélagið þeirra er og hvernig það mun verða. Ég er enn leiðari yfir dræmri kosningabáttöku en ég er yfir því að Píratar náðu ekki betra fylgi. Lýðræðið er þeirra sem taka þátt og því færri sem taka þátt, því máttlausara verður lýðræðið. Þarna þarf að eiga sér stað samhent átak allra til þess að gera fólki kleyfi að taka þátt og upplifa raunverulegt vald í þáttökunni. Pólitíska landslagið hefur ekki síður áhrif á að fólk kys að láta aðra um að móta sína framtíð, þeirra rödd verður að skila sér.“

Hvað finnst þér um þessa löku kosningabáttöku?

„Píratar munu halda áfram að vera aðhaldið í stjórnmálum og auka traust almennings á stjórnmálum, sem mun skila sér í bættri kosningabáttöku.“

ADDA MARÍA JÓHANNSDÓTTIR SAMFYLKINGUNNI



Niðurstöður kosninganna hlýtur að vera mikil vonbrigði fyrir Samfylkinguna. Hvernig skýrir þú að þið náðið ekki betri árangri?

„Niðurstöður kosninganna voru sannarlega vonbrigði. Það var sárt að missa þriðja manninn á lokametrinum þrátt fyrir að halda fylgi okkar. Á sama tíma tapar Sjálfstæðisflokkurinn fylgi en heldur sínum fimm mönnum. Svo mjótt var reyndar á munum að við óskuðum eftir endurtalningu á atkvæðum.“

Er ekki áhyggjuefni hversu kjörsókn er orðin lítil?

„Það er verulegt áhyggjuefni. Ég held að sú staðreynd að í Hafnarfirði var einungis boðið upp á tvo kjörstaði hafði haft áhrif. Íbúar á Völlum eru sendir langar leiðir til að komast á kjörstað. Það væri áhugavert að sjá kosningabáttöku íbúa þar. Við höfum bent á þetta í seinustu kosningum – sem hafa verið óvenju margar sl. fjögur ár – en ekki náð að knýja fram breytingu eða fjölgun á kjörstöðum.“

Hver eru næstu skref hjá ykkur?

„Við erum hvergi nærri hætt að berjast fyrir réttlátu samfélagi og lýðræðislegum vinnubrögðum, og munum leggja okkur fram við að halda þeim málstað á lofti næstu fjögur ár.“

GUÐLAUG SVALA STEINUNNAR KRISTJÁNSDÓTTIR BÆJARLISTANUM



Hvað er þér efst í huga að afloknum kosningum? Munt þú stefna á áframhaldandi samstarf við Sjálfstæðisflokkinn sem fyrsta kost?

„Mér er efst í huga þakklæti. Bæjarlistinn setti fram skýrar áherslur fyrir framhaldið og þær eru okkar veganesti, sem og að virða niðurstöður kosninganna og hlusta á bæjarbúa. Við störfum bara fyrir Hafnarfjörð.“

ELVA DÖGG ÁSTUDÓTTIR KRISTINSDÓTTIR VINSTRI GRÆNUM



Hvernig skýrir þú þetta fylgistap VG og hvað finnst þér um þessa löku kosningabáttöku?

„Þessi laka þáttaka er áhyggjuefni, ég veit ekki hversvegna það er en það hvarflar að manni að fólk hafi það almennt bara gott og finnst allt vera í besta lagi.“

Ég hef áhyggjur af hægrisveiflu í stjórnmálum og að velferðarkerfið okkar haldi áfram að fjarlægjast norræna velferðarkerfið. Svo grunar mig

að ríkisstjórnarsamstarfið hafi einhver áhrif á gengi VG hér á höfuðborgarsvæðinu. Einnig hafði áhrif fjöldi flokka í framboði.

Við VG erum hvergi af baki dottin. Við teljum að okkar stefna eigi fullt erindi og þá sérstaklega velferðar og umhverfismálin.“

**ÁGÚST BJARNI
GARDARSSON
FRAMSÓKN OG ÓHÁÐIR**



Hvað er þér efst í huga að afloknum kosningum?

„Mjög ánægður með okkar árangur og þakklæti til bæjarbúa.“

Sumarlestur

1. júní - 17. ágúst 2018

Vikulegir vinningar
í allt sumar



Uppskeruhátíð
í haust



BÓKASAFN
HAFNARFJARÐAR

Hvaða flokkar eru óska samstarfsflokkaðir ykkar í bæjarstjórn?

„Það eru málefnið sem ráða ferðinni.“

Hvað finnst þér um þessa löku kosningaþáttöku?


„Hún er auðvitað áhyggjuefni og við þurfum að taka hana alvarlega.“

**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN**

Rósa svaraði ekki spurningum Fjarðarfréttar og svaraði ekki í síma en staðfesti þó í textaskilaboðum að hún hafi fengið póstinn.

Íbúar ósáttir með aðgerðarleysi

Bílhrae og númerslausa bíla má finna víða í bænum og hafa íbúar oft sýnt óánægju sína með það hversu langan tíma tekur að láta fjarlægja slíka bíla.



Einn slíkur hafði staðið allengi á Tjarnarbrautinni og íbúi sem hringdi í blaðið sagðist þreyttur á aðgerðarleysinu. Sagðist hann hafa kvartað til bæjarins og lögreglu en ekkert gerðist en eins og sjá má er hér algjört hrae, glerbrot og sóðaskapur við bílinn sem hætta gæti stöðjast af.

Sumarsund fyrir börn 4-10 ára



RioTinto Alcan
-styrkir barna- og unglingsstarf SH

Sundfélag Hafnarfjarðar verður með sundnámskeið fyrir börn, bæði synd og ósynd, í Ásvallalaug, Suðurbæjarlaug, Sundhöllinni og Lækjarshólalaug.

Námskeiðin standa yfir í tvær vikur, eða 10 skipti.

Tímabil í boði:

11. júní – 21. júní

26. júní – 6. júlí

9. júlí – 20. júlí

23. júlí – 3. ágúst

Bráðskemmtileg námskeið sem allir hafa gaman af!

Nánari upplýsingar og innritun má finna á

www.sh.is



Sundfélag Hafnarfjarðar - sh@sh.is - Sími 555 6830

SMÁUGLÝSINGAR

þjónusta

Bílaþrif. Kem og sæki. Þvottur og bón vermdar bílinn. Úrváls efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í síma 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

Garðsláttur í einum grænum.

Tek að mér garðslátt í smærri og stærri gördum. Hagstætt verð. Geri tilboð. Uppl. í s. 845 2100.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Sýning Viðarvina

Viðarvinir, sem er hópur handverksfólks í Hafnarfirði, verða með sýningu á ýmsum tálguðum, útskornum og renndum munum úr tré í þóll, bæksistöð Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, við Kaldárselsveg á laugardaginn kl. 10-18. Allir velkomnir.

Hafnarborg

Á laugardaginn kl. 15 verður opnuð sýning í tilefni 25 ára afmælis Hafnarborgar. Þar getur að líta valin verk úr safneign Hafnarborgar. Bæði verk sem oft hafa verið sýnd áður við ólík tækifæri eða fengið að prýða vegg margra stofnana bæjarins. Á sýningunni eru þó einnig verk sem ekki hafa verið hreyfð úr geymslunum síðan þeim var komið þar fyrir. Er þessari sýningu ætlað að endurspeglar margbreytileika myndlistarinnar sem er varðveitt í Hafnarborg.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is


Íbúarekið leigufélag lætur byggja 12 íbúðir í Skarðshlíð

Leiguverð á að verða undir almennu leiguverði

Bæjarstjóri, fyrir hönd Skarðshlíð íbúðafélag hses. og framkvæmdastjóri Modulus eignarhaldsfélags, skrifuðu á dögnum undir verksamning um byggingu almennra leigubúða í Skarðshlíð. Til stendur að byggja 12 íbúðir á lóðunum Hádegisskarð 12 og 16 í Skarðshlíð samkvæmt útböðslýsingu og á að skila þeim fullbúnum. Um er að ræða 6 tveggja herbergja 50 m² íbúðir, 4 þriggja herbergja 60 m² íbúðir og 2 fjögurra herbergja 80 m² íbúðir, sex íbúðir á hvorri lóð.

Hafnarfjarðarbær hefur stofnað sjálfseignarstofnun sem byggir á lögum um almennar leigubúðir sem leigjendum sjálfir koma til með að stjórna en bæjarfélagið mun eiga aðild að. Byggingarkostnaður húsnæðisins er 307,9 milljónir króna, Íbúðalánasjóður hefur samþykkt stofnstyrk uppá 50 milljónir króna og Hafnarfjarðarbær 36,9 milljónir. Húsaleiga mun standa undir afborgunum af lánum, fjármagnsgjöldum og rekstrarkostnaði húsnæðisins en vera heldur lægri en gengur og gerist þar sem eingöngu þarf að taka lán fyrir 70% af byggingarkostnaði. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist í sumar.

Ljóst er að leiguverð verður nokkuð lægra en á almennum markaði. Til dæmis mun 50 m² íbúð koma til með að leigjast á um 106.500 krónur og í einhverjum tilfellum kunna íbúar að eiga rétt á húsaleigubótum. Unnið er að



Fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar og Modulus við undirritun verksamnings.

gerð úthlutunarreglna en gert ráð fyrir að leigjendur þurfi að uppfylla skilyrði um tekjumörk, eiga lögheimili í Hafnarfirði og vera eldri en 18 ára þegar sótt er um. Aðkoma bæjarins að rekstri félagsins snýr eingöngu að úthlutun á leigurétti s.s. þegar einhver vill flytja út. Leiguréttur er ekki framseljanlegur heldur þarf að skila leigurétti til bæjarins sem tekur ákvörðun um nýja leigjendur. Leigjendur hafa þó forgang á leigu vilji þeir stækka eða minnka við sig húsnæði eftir fjölskylduáðstæðum hverju sinni.

„Ég hvet fólk til þess að skoða þennan möguleika vel því ég tel að hér sé svarið við þeim miklu erfiðleikum sem við erum að leigima við á leigumarkaðnum í dag. Hér er að opnast möguleiki fyrir fólk að taka sig saman, stofna

sjálfseignarstofnun og sækja um stofnstyrki og fara þessa leið, og fá varanlegt leiguhúsnæði á mun betra verði en markaðurinn býður upp á í dag.“ sagði Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri þegar samningur við verktakann var undirritaður og hrósaði Íbúðalánasjóði fyrir að standa vel að þessu máli, s.s. gott samstarf og með því að útbúa vönduð reiknilíkön.

Stofnað hefur verið samskonar félag utan um byggingu og rekstur á íbúðakjarna fyrir fatlað fólk við Arnarhraun og er útboð á bygginu í gangi.

Íslandsmeistarar með hálsmen frá Sign

Íslandsmeistarar meistaraflokks kvenna áttu sviðið á lokahófinu ásamt skartgripafyrirtækinu Sign í Hafnarfirði. Sign hannaði og gaf Íslandsmeisturinum sérhannað hálsmen þar sem meðal annars er merki Hauka og ártal. Hálsmenið er stílhreint, fallegt og lífstíðareign liðsfélaga. Það er sameiningartákn liðsins fyrir þann árangur og elju sem

þær og þjálfarar hafa stundað á tímabilinu. Sign hefur á að skipa skapandi hönnuði sem hikar ekki við að fara út fyrir rammann og öll Haukafjölskyldan er óumræðilega þakklát Inga í Sign fyrir að taka þetta verkefni með þvílíkri fagmennsku, alúð og fegurð. Það var Kristín Ólöf Grétarsdóttir sem afhenti stúlkunum gjöfina fyrir hönd Sign.



Ljóm.: Haukar



GRÓÐRARSTÖÐIN ÞÖLL

Tré og
runnar
í garðinn
þinn

v/Kaldárselsveg
555 6455 - 894 1268

www.skoghf.is

FJARÐAR fréttir



Smelltu á
LIKE

og skoðuðu myndir
á Facebook síðu
Fjarðarfrétta

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Óskum sjómönnum og bæjarbúum öllum til hamingju á Sjómannadaginn!



HAFNARFJARÐARHÖFN
www.hafnarfjarðarhofn.is

HAGSTÁL ehf.
Brekutröð 1 • sími 565 1944



H-BERG
Grandatröð 2 • www.hberg.is



das HRAFNISTA
Reykjavík 1 Hafnarfjarður
Kópavogur 1 Reykjanesbær 1 Garðabær
Hraunvangi 7 • www.hrafnista.is

HVALUR hf.
Reykjavíkurvegi 48



HÖNNUNARHÚSIÐ ehf.
Bæjarhrauni 2 • sími 565 4513



KÆNAN
Óseyrarbraut 2 • www.kaenan.is




www.n1.is



SALTKAUP hf.
Cuxhavengötu 1 • www.saltkaup.is



TEMPRA
einangrun - umbúðir
Íshellu 8 • www.tempra.is



Umbúðamiðlun ehf.
s: 555 6677 umb.is



ÚTHAFSSKIP
Fjarðargötu 13-15 • www.uts.is



Verkalýðsfélagið Hlíf
Reykjavíkurvegi 64 • www.hlif.is

VHE
VÉLAVERKSTÆÐI
Melabraut 23-25 • www.vhe.is

VÍS
Sími 560 5000 • www.vis.is

MATHÚS BAR
VON
Strandgötu 75 • www.vonmathus.is



ÆLSTOFA
HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a • sími 578 0200

FJARÐAR fréttir
..bæjarblað Hafnfirðinga
www.fjardarfrettir.is

ÍÞRÓTTIR

Knattspyrna:

31. maí kl. 18, Kaplakriki
FH - KA, bikarkeppni karla

31. maí kl. 19.15, Njarðvík
Njarðvík - Haukar, 1. deild karla

2. júní kl. 14, Hlíðarendi
Valur - FH, bikarkeppni kvenna

4. júní kl. 15, Kaplakriki
FH - Keflavík, úrvalsdeild karla

22. maí kl. 19.15, Egilshöll
Fjölnir - Haukar, bikarkeppni kvenna

23. maí kl. 19.15, Selfoss
Selfoss - FH, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KVENNA:
FH - Þór/KA: 1-4
Haukar - Afturelding: 1-1
Selfoss - FH: 4-1

ÚRSLIT KARLA:
FH - Fylkir: 1-1
Haukar - Víkingur Ó.: 0-1

sport@fjardarfrettir.is

Sjómennska og útgerð hafa markað sögu Hafnarfjarðar. Minnumst þess og **tökum þátt** í hátíðarhöldunum á sjómannadaginn!

Viltu selja? Hringdu í 896 6076

Frítt söluverðmat
Sanngjörn sölupóknun

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
sími 896 6076 • as@remax.is



RE/MAX FJÖRÐUR
Lækjargötu 34d, Hafnarfirði



Stytta afhjúpuð af frumkvöðlinum Jóhannesi J. Reykdal

Reykðalsvirkjun ses. færði Hafnarfjarðarbæ styttuna og virkjunina að gjöf

Þann 24. maí sl. kom hópur saman við stífluna í Hamarskotslæk til að afhjúpa stytta af Jóhannesi J. Reykdal, athafnamanni og frumkvöðli rafvæðingar á Íslandi.

Björn Ingi Sveinsson, stjórnarformaður Reykðalsvirkjunar ses. sagði við athöfnina það fara vel á því að stytta, sem er í fullri stærð, skuli vera af brautryðjandanum og athafnamanninum Jóhannesi J. Reykdal, sem af öðrum ólöstuðum er einn merkasti sonur bæjarins, þó ekki hafi hann verið innfæddur.

JÓHANNES J. REYKDAL

Jóhannes J. Reykdal fæddist að Vallarkoti í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu þann 18. janúar 1874. Á Akureyri hóf hann trésmíðanám og fjórum árum síðar sigldi hann til Kaupmannahafnar til frekara trésmíðanáms. Eftir þriggja ára nám þar flutti hann heim til Íslands með það í huga að setjast að á Akureyri. Á leið sinni hitti hann þó unga konu, Þórunni Böðvardsdóttur, sem varð til þess að hann festi rætur sunnan heiða.



Glæsileg stytta af Jóhannesi J. Reykdal situr á virkjunin eins og hún hafi alltaf verið þar.

að aldri, fór hann til Noregs og festi þar kaup á rafal og með aðstoð íslensks raffræðings, Halldórs Guðmundssonar, setti Jóhannes rafalinn upp. Þann 12. desember 1904 urðu þáttaskil í sögu þjóðarinnar með því að virkjun Jóhannesar neðst í læknum tók til starfa og ljós voru kveikt í 15 húsum í Hafnarfirði, auk trésmíðjunnar og fjögurra götuljósa. Með þessum

virkjun og var fyrsta sjálfstæða rafstöðin á Ísland. Ellefu árum síðar reis þriðja rafstöð Jóhannesar nú enn ofar í Læknum.

unarlóns, stíflu og aðveitustokks, auk þess sem byggt var nýtt aðveituhús sem hýsir hverfil og rafal í undirgöngum



Forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs tóku við gjöfni.

REYKDALSFÉLAGIÐ

Á stjórnarfundum Reykðalsvirkjunar ses var rædd sú hugmynd að koma fyrir stytta af Jóhannesi J. Reykdal á stíflu Reykðalsvirkjunar í Hamarskotslæk við Hörðuvelli. Með þeim hætti skyldi Jóhannesar og brautryðjendastarfs hans minnst með varanlegum hætti.

Forsaga þessa er sú að árið 2001 var stofnaður vinnuhópur til að undirbúa hvernig minnst mætti á eftirminnilegan hátt brautryðjendastarfs Jóhannesar J. Reykðals og 100 ára afmælis rafvæðingar í Hafnarfirði og á Íslandi. Hópurinn tók sér vinnuheitid Reykðalsfélagið og að frumkvæði þess var ráðist í endurbyggingu Reykðalsvirkjunar, sem upphaflega var gangsett haustið 1906. Endurbyggingin náði til endurgerðar mið-

Lækjargötu. Framkvæmdum við endurbygginguna lauk seint árið 2007 og var Reykðalsvirkjun formlega endurræst þann 18.01.2008.

Í kjölfar endurbyggingar virkjunarinnar kviknaði sú hugmynd að minnast Jóhannesar með persónulegri hætti og voru áform Reykðalsvirkjunar ses lengst af þau að setja á stofn minjasafn í minningu hans. Þeirri hugmynd varð þó aldrei hleypt af stokkunum af mörgum ástæðum. Því kviknaði sú hugmynd síðla árs 2016 að reisa Jóhannesi stytta í fullri stærð sem komið yrði fyrir nálægt stíflu og miðlunarlóni virkjunarinnar. Hugmynd þessa efnis var kynnt fyrir bæjarráði Hafnarfjarðar þann 23. febrúar 2017 og málinu þar veitt brautargengi, auk síðari breytinga á staðsetningu styttunnar.

RAGNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR GERÐI STYTTUNA

Myndhöggvarinn Ragnhildur Stefánsdóttir var fengin til þess að vinna hugmynd að styttni og skyldi hún verða mótuð í brons. Í samráði við listakonuna og Jón Ólaf Ólafsson arkitekt voru nokkrir staðir nálægt stíflunni skoðaðir en niðurstaða þeirra, að höfðu samráði við stjórn félagsins, var sú að koma fyrir stytta af Jóhannesi á sjálfri stíflunni.

Situr stytta af Jóhannesi nú á stíflunni og horfir yfir Hamarskotslæk og Hörðuvelli, og til Hafnarfjarðar, sem naut brautryðjendastarfs hans um árabíl.

GÁFU VIRKJUN OG STYTTUNA

Forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs veittu styttni viðtöku fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar en Reykðalsvirkjun ses. færði einnig virkjunina og mannvirki hennar Hafnarfjarðarbæ til varðveislu, en Reykðalsvirkjun ses og forveri þess Reykðalsfélagið hafa haft umsjón og eftirlit með þessu mannvirki bæjarins sl. 10 ár.



Langa- langafabarnið Jóhannes Reykdal og afabarnið Lovisa Christiansen afhjúpuðu styttna.

RAFVÆDDI HAFNARFJÖRD

Fyrstu árin sinni Jóhannes húsbýggingum en fljótlega leitaði hugurinn hærra, sem varð til þess að hann reisti verksmíðju við Lækinn, hans fyrsta stórvirki. Jóhannes virkjaði Lækinn til þess að knýja vélar verksmíðjunnar áfram. Þetta dugði Jóhannesi þó ekki lengi því árið 1904, þá þrítugur

atburði var rafvæðing Íslands hafin.

Mikil eftirspurn var eftir rafmagni virkjunarinnar og fór Jóhannes því aftur af stað, fékk vatnsréttindi ofar í Læknum og reisti á eigin spýtur nýja rafstöð á Hörðuvöllum. Sú rafstöð tók til starfa haustið 1906 og var að afli 37 kW, sem fullnægði allri eftirspurn eftir rafmagni í Hafnarfirði. Það er sú virkjun sem hér stendur og kallast nú Reykðals-

ØLSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

ØLSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200